



Fundargerð 29. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom 16. janúar 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMÞ), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Þór Jónsson (JPJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH).

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Fjarverandi:

AS ritaði fundargerð.

TMÞ óskaði í byrjun fundar eftir að honum yrði frestað til fimmtudagsins 18. janúar kl. 19.30. Það var samþykkt af öllum þeim sem mættir voru (TMÞ, HVH, AS, AHH, SIS, HRR).

1. Reglugerðir

TMÞ og AS lögðu fyrir fundinn tillögur að breytingum á Reglugerð um akstursíþróttafólk ársins og Reglugerð um keppnishald.

Lesið var yfir reglugerðirnar og þær samþykktar til birtingar, að álit Regluráðs fengnu.

2. Ársþing AKÍS 2024

Fyrri fundarboð verður sent út um næstu mánaðarmót.

3. Skoðunarmenn til Svíþjóðar

Ekki hafa fengist viðbrögð frá skipuleggjendum keppninnar að skoðunarmenn frá AKÍS fái að starfa við hlið skoðunarmanna á WRC keppni í Svíþjóð 15.-18. febrúar n.k. Vonandi gengur þetta upp að ári.

4. Námskeið

Samkvæmt gildandi námsskrá skal halda að lágmarki á árinu námskeið fyrir formenn dómnefnda, keppnisstjóra og öryggisfulltrúa.

Ákveðið að notast við myndbandsfyrirlestra á netinu og síðan verði verkefnakvöld sem ljúki með prófi. Stefnt er að því að bjóða upp á nokkrar dagsetningar fyrir verkefnakvöld og próf, það fyrsta verði fyrir lok febrúar.

TMÞ mun fylgja eftir gerð nauðsynlegs efnis, m.a. í samvinnu við öryggisráð.

5. Starfsmaður

Á vinnufundi hluta stjórnar 15. janúar s.l. var ákveðið að ræða við ákveðinn aðila um að taka að sér vinnu á skrifstofu sambandsins. Þær viðræður eru ekki hafnar.

TMÞ falið að ræða við viðkomandi um verktakasamning sem gildi til og með 20. mars.



6. Önnur mál

FIA safety seminar - Ráðstefna um öryggi í akstursíþróttum verður haldin 20. - 23. febrúar.

Skráning verður möguleg um mánaðarmótin janúar/febrúar og verður vakin athygli á henni á vefsvæði sambandsins.

Næsti fundur mánudaginn 5. febrúar 2024 kl. 19.30

Fundi slitið kl. 20.30